Nr. 23/2004
2. september 2004

# Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2004

Á öðrum fjórðungi ársins 2004 var 16,7 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands samanborið við 14,5 milljarða króna halla á sama tímabili árið áður. Á fyrri helmingi ársins var viðskiptahallinn 27,8 milljarðar króna samanborið við ríflega **14,3** milljarða króna (**leiðrétt**) á sama tímabili í fyrra. Útflutningur vöru og þjónustu var 7,1% meiri á fyrri árshelmingi 2004 en á sama tímabili í fyrra en innflutningur var um 17,7% meiri reiknað á föstu gengi[1]. Hallinn á þáttatekjum (laun, vextir og arður af fjárfestingu) og hreinum rekstrarframlögum var 4,9 milljarðar króna á fyrri árshelmingi en 7,4 milljarðar á sama tímabili í fyrra.

***Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna***

| | *Apríl - júní* | | *Janúar - júní* | |
|---|---|---|---|---|
| | *2003* | *2004* | *2003* | *2004* |
| **Viðskiptajöfnuður** | **-14,5** | **-16,7** | **-14,3** | **-27,8** |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 67,6 | 76,5 | 138,8 | 149,0 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | -78,3 | -94,5 | -145,6 | -172,0 |
| Þáttatekjur og framlög, nettó | -3,8 | 1,4 | -7,4 | -4,9 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **11,0** | **15,5** | **12,8** | **29,1** |
| Hreyfingar án forða | 11,1 | 18,7 | 13,9 | 39,8 |
| Erlendar eignir, nettó | -56,8 | -101,3 | -77,5 | -168,8 |
| Erlendar skuldir, nettó | 68,0 | 120,0 | 90,6 | 208,6 |
| Gjaldeyrisforði (- aukning) | 0,0 | -3,0 | -0,2 | -10,5 |
| *Skekkjur og vantalið, nettó* | 3,5 | 1,2 | 1,5 | -1,2 |

Hreint fjárinnstreymi var 29,1 milljarður króna á fyrri árshelmingi 2004. Það skýrist að stærstum hluta af skuldabréfaútgáfu í útlöndum, en áhugi erlendra aðila á verðbréfum útgefnum á Íslandi minnkaði til muna og nam endursala þeirra á slíkum bréfum þá 10 milljörðum króna. Fjárútstreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum nam 33,6 milljörðum króna og bein fjárfesting Íslendinga erlendis 40,2 milljörðum króna á fyrri hluta ársins. Þá var mikið fjárútstreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, einkum útlána innlendra banka til erlendra lánþega. Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 68,5

[1] Viðskiptavegin gengisvísitala var 0,3% hærri á fyrri árshelmingi 2004 en á sama tímabili árið áður.

milljörðum króna í júnílok og hafði aukist frá ársbyrjun um 10,5 milljarða króna.

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 596,6 milljörðum króna umfram erlendar eignir í lok júní 2004. Hrein skuldastaða við útlönd hækkaði um 46,5 milljarða króna á fyrri árshelmingi vegna fjármögnunar viðskiptahallans en einnig vegna verð- og gengisbreytinga. Meðfylgjandi töfluyfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á árinu 2004 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára þar sem beinar fjárfestingar og tekjur af þeim hafa verið leiðréttar með nýjum upplýsingum fyrir árin 2001-2003.

Mánudaginn 6. september n.k. birtast töfluyfirlit um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu í hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (*www.sedlabanki.is*). Einnig birtist yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabankans í síma 569-9600.

# GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

| *Í milljónum króna* | **Apríl - júní** | | **Janúar - júní** | | *Breyting* [1] |
|---|---|---|---|---|---|
| | ***2003*** | ***2004*** | ***2003*** | ***2004*** | *frá fyrra ári* |
| **Viðskiptajöfnuður** | **-14.469** | **-16.662** | **-14.321** | **-27.847** | |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 67.615 | 76.465 | 138.758 | 149.039 | 7,1% |
| Innflutningur vöru og þjónustu | -78.305 | -94.520 | -145.642 | -171.953 | 17,7% |
| Þáttatekjur og framlög, nettó | -3.779 | 1.393 | -7.437 | -4.933 | |
| **Vöruskiptajöfnuður** | -7.023 | -13.536 | -355 | -13.269 | |
| Útfluttar vörur, f.o.b. | 43.442 | 48.000 | 92.655 | 98.893 | 6,4% |
| Innfluttar vörur, f.o.b. | -50.465 | -61.536 | -93.010 | -112.162 | 20,2% |
| **Þjónustujöfnuður** | -3.667 | -4.519 | -6.529 | -9.645 | |
| Útflutt þjónusta, alls | 24.173 | 28.465 | 46.103 | 50.146 | 8,5% |
| Samgöngur | 12.319 | 16.455 | 22.959 | 28.993 | 25,9% |
| Ferðalög | 5.427 | 6.020 | 8.442 | 9.395 | 11,0% |
| Önnur þjónusta | 6.427 | 5.990 | 14.702 | 11.758 | -20,3% |
| Innflutt þjónusta | -27.840 | -32.984 | -52.632 | -59.791 | 13,3% |
| Samgöngur | -9.121 | -12.249 | -18.402 | -22.752 | 23,3% |
| Ferðalög | -9.857 | -12.501 | -17.165 | -21.650 | 25,8% |
| Önnur þjónusta | -8.862 | -8.234 | -17.065 | -15.389 | -10,1% |
| **Þáttatekjur, nettó** | -3.512 | 1.717 | -6.761 | -4.352 | |
| Tekjur | 6.150 | 12.464 | 12.520 | 17.511 | 39,5% |
| Laun | 1.478 | 1.231 | 3.007 | 2.765 | -8,3% |
| Vextir og ávöxtun hlutafjár [2] | 4.672 | 11.233 | 9.513 | 14.746 | 54,6% |
| Gjöld | -9.662 | -10.747 | -19.281 | -21.863 | 13,1% |
| Laun | -139 | -164 | -277 | -393 | 41,5% |
| Vextir og ávöxtun hlutafjár [2] | -9.523 | -10.583 | -19.004 | -21.470 | 12,6% |
| **Rekstrarframlög** | -267 | -324 | -676 | -581 | |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **10.978** | **15.472** | **12.818** | **29.066** | |
| Fjárframlög, nettó | -84 | -301 | -33 | -292 | |
| Fjármagnshreyfingar [3] | 11.062 | 15.773 | 12.851 | 29.358 | |
| **Hreyfingar án forða** | **11.072** | **18.729** | **13.086** | **39.826** | |
| Bein fjárfesting, nettó | -16.779 | -20.932 | -14.194 | -33.104 | |
| Innlendir aðilar erlendis | -9.147 | -21.628 | -14.245 | -40.224 | |
| Erlendir aðilar á Íslandi | -7.632 | 696 | 51 | 7.120 | |
| Verðbréfaviðskipti, nettó | 71.691 | 67.290 | 86.240 | 165.503 | |
| Erlend verðbréf | -6.247 | -8.774 | -14.054 | -33.550 | |
| Hlutafé | -4.834 | -7.391 | -12.015 | -31.327 | |
| Skuldaskjöl | -1.413 | -1.383 | -2.039 | -2.223 | |
| Innlend verðbréf | 77.938 | 76.064 | 100.294 | 199.053 | |
| Hlutafé | -1.837 | -982 | -4.292 | -1.457 | |
| Skuldaskjöl | 79.775 | 77.046 | 104.586 | 200.510 | |
| Annað fjármagn, nettó | -43.840 | -27.629 | -58.960 | -92.573 | |
| Eignir | -41.508 | -70.875 | -49.185 | -94.954 | |
| Skuldir | -2.332 | 43.246 | -9.775 | 2.381 | |
| **Gjaldeyrisforði** | **-10** | **-2.956** | **-235** | **-10.468** | |
| Skekkjur og vantalið | 3.491 | 1.190 | 1.503 | -1.219 | |
| *Gengisvísitala (1994 = 100)* | *102,6* | *105,0* | *103,5* | *103,8* | *0,3%* |

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.
2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.
3) Neikvætt formerki táknar fjárútstreymi vegna eignaaukningar eða skuldalækkunar.

# ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

| *Staða í lok tímabils í ma.kr.:* | *2001* | *2002* | *2003* | *Mars * 2004* | *Júní * 2004* |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Erlendar eignir, alls** | **421,5** | **409,1** | **676,8** | **747,2** | **841,7** |
| 1 Bein fjárfesting erlendis | 86,8 | 101,2 | 118,7 | 127,2 | 146,7 |
| 11 Eigið fjármagn | 66,8 | 82,3 | 107,3 | 106,4 | 122,9 |
| 12 Lán til tengdra félaga | 19,9 | 18,9 | 11,5 | 20,8 | 23,8 |
| 2 Erlend markaðsverðbréf | 202,9 | 159,7 | 241,7 | 269,0 | 281,8 |
| 21 Hlutafé | 188,4 | 149,3 | 226,1 | 252,6 | 263,9 |
| 22 Skuldaskjöl | 14,6 | 10,4 | 15,5 | 16,3 | 17,9 |
| 221 Skuldabréf | 11,8 | 9,6 | 15,1 | 16,1 | 17,7 |
| 222 Peningabréf | 2,8 | 0,8 | 0,4 | 0,2 | 0,1 |
| 3 Afleiður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 4 Aðrar fjáreignir en forði | 95,2 | 111,1 | 258,3 | 284,3 | 344,7 |
| 5 Gjaldeyrisforði | 36,6 | 37,2 | 58,1 | 66,7 | 68,5 |
| **II. Erlendar skuldir, alls** | **1.009,0** | **965,7** | **1.226,9** | **1.313,5** | **1.438,3** |
| 1 Bein fjárfesting á Íslandi | 70,8 | 63,3 | 74,9 | 76,5 | 81,7 |
| 11 Eigið fjármagn | 63,4 | 55,9 | 54,9 | 56,2 | 61,0 |
| 12 Lán frá tengdum félögum | 7,4 | 7,4 | 20,1 | 20,3 | 20,6 |
| 2 Innlend markaðsverðbréf | 468,0 | 468,3 | 754,7 | 879,1 | 956,9 |
| 21 Hlutafé | 5,6 | 7,9 | 5,9 | 7,0 | 8,1 |
| 22 Skuldaskjöl | 462,4 | 460,4 | 748,8 | 872,1 | 948,8 |
| 221 Skuldabréf | 379,4 | 388,4 | 619,1 | 740,2 | 800,7 |
| 222 Peningabréf | 83,0 | 72,0 | 129,7 | 131,9 | 148,1 |
| 3 Afleiður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 4 Aðrar erlendar skuldir | 470,2 | 434,1 | 397,2 | 357,8 | 399,7 |
| 41 Löng lán | 377,0 | 296,2 | 251,5 | 234,5 | 248,4 |
| 42 Skammtímaskuldir | 93,2 | 137,9 | 145,7 | 123,3 | 151,3 |
| **III. Hrein staða við útlönd** | **-587,5** | **-556,6** | **-550,1** | **-566,3** | **-596,6** |
| 1. Áhættufjármagn, nettó | 198,7 | 179,2 | 264,0 | 296,3 | 320,8 |
| 2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó | -786,2 | -735,8 | -814,1 | -862,6 | -917,4 |
| 21 Seðlabankinn | 21,7 | 20,8 | 58,1 | 66,5 | 68,3 |
| 22 Hið opinbera | -239,6 | -226,9 | -218,6 | -225,1 | -217,1 |
| 23 Innlánsstofnanir | -377,4 | -368,0 | -483,0 | -541,3 | -602,3 |
| 24 Aðrir geirar | -191,0 | -161,7 | -170,6 | -162,7 | -166,3 |
| Gengi Bandaríkjadals | **102,95** | **80,58** | **70,99** | 72,16 | 72,49 |
| | (feitletraðar gengistölur eru leiðréttar) | | | | |
| **IV. Skuldahlutföll, % af VLF:** [1] | | | | | |
| 11 Hrein staða þjóðarbúsins | -75,8 | -77,1 | -69,3 | -65,5 | -69,4 |
| 12 Hrein skuldastaða [2] | 101,5 | 101,9 | 102,6 | 99,8 | 106,6 |
| 13 Erlend skuldastaða [3] | 120,3 | 123,9 | 144,5 | 142,3 | 156,8 |
| 131 þ.a. langtímaskuldir | 97,6 | 94,8 | 109,7 | 112,8 | 122,0 |

*) Bráðabirgðatölur
1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.
2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutafé).
3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.